

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003.

#### 1. gr.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs hf., nr. 254/2003, er öðlist gildi 1. janúar 2023.

#### 2. gr.

4. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Hver lítri á mínútu kostar kr. 59.520 á ári, án fastagjalds og virðisaukaskatts.

Notendur sem kaupa 4 l/mín, eða minna greiða einnig fastagjald kr. 26.730 á ári auk virðisaukaskatts.

#### 3. gr.

5. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Fyrirtæki sem samið hafa um kaup á heitu vatni samkvæmt rennslismæli greiða kr. 193,24 fyrir rúmmetra vatns auk virðisaukaskatts, en greiða þá að lágmarki samkvæmt samningi um fastan lítrafjölda.

#### 4. gr.

6. gr. gjaldskrárinnar breytist og orðist svo:

Stofngjöld fyrir Hitaveitu Öxarfjarðarhéraðs eru sem hér segir:

- |                     |                           |
|---------------------|---------------------------|
| a) fyrir lögbýli    | kr. 2.910.901             |
| b) fyrir íbúðarhús  | kr. 770.509               |
| c) fyrir sumarhús   | kr. 543.119               |
| d) fyrir aðra aðila | kr. 193.140 á mínútulítra |

Lágmarksinntak er 2,5 l/mín.

*Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 14. desember 2022.*

F. h. r.

**Reynir Jónsson.**

*Hreinn Hrafnkelsson.*